

Reglugjörð

fyrir

sjúkrahús Ísafjarðar.

I. Tilgangur sjúkrahússins.

1.

Sjúkrahúsið er eign Ísafjarðarkaupstaðar og er ákvarðað til að taka við sjúklingum úr kaupstaðnum, svo og sjúklingum utan hjerads, þá er rúm leyfir, og fyrir hærri gjald.

2.

Sjúkrahúsið tekur að jafnaði að eins við sjúklingum, sem ætla má að æknast geti. Með samþykki sjúkrahússnefndarinnar má þó, ef sjerstök atvik mæla með því, taka ólæknandi sjúklinga í sjúkrahúsið; þó getur sú undanþága að eins náð til bæjarbúa, og aldrei lengur en hálfis missiris tíma. Enginn sjúklingur getur án samþykkis sjúkrahússnefndarinnar fengið að dvelja lengur í sjúkrahúsinu en eitt ár, og samþykki fram yfir þann tíma getur eigi gilt lengur en 3 mánuði í senn. Sinnisveikum verður eigi veitt móttaka í sjúkrahúsið, nema eptir sjerstöku leyfi sjúkrahússnefndarinnar, og að eins til bráðabirgða-tilrauna.

II. Sjúklingarnir.

3.

Borgun fyrir dvöl sjúklinga í sjúkrahúsinu er á dag	
fyrir innanbæjarmenn . . .	kr. 1.25
— Ísafjarðarsýslubúa . . .	— 1.75
— aðra Íslendinga . . .	— 2.25
— alla erlenda . . .	— 3.50

Frá miðjum maí til miðs september skal borgunin vera 15 aurum lægri á dag.

Vilji einhver hafa herbergi út af fyrir sig eingöngu, tvöfaldast borgunin.

Fyrir þessa borgun fá sjúklingarnir: hús, rúm, hita, ljós, fæði, hjúkrun og þvott, en verða að borga sjerstaklega læknishjálp, meðöl, umbúdir og böð, svo og fyrir næturvökur og sjerstaka aukaadhjúkrun.

4.

Bæði sjúklingarnir sjálfir og þeir, er fá leyfi til að heimsækja þá í sjúkrahúsinu, verða að hlýða reglum þeim, sem sjúkrahússnefndin eða læknirinn setur um húsreglu í sjúkrahúsinu. Brjóti þeir settar húsreglur eða óhlýðnist fyrirskipunum nefndarinnar eða lækisins, má þegar vísa þeim úr sjúkrahúsinu.

5.

Eigi sjúklingur, er deyr í sjúkrahúsin, engan nærstaddan, er getur eða vill annast útförina, annast sjúkrahússnefndin hana gegn endurgjaldi frá rjettum hlutadeigendum. Trygging sú, er heimtuð er, þá er sjúklingi er veitt inntaka í sjúkrahúsið, nær og yfir útfararkostnaðinn,

En vilji einhver hlutadeigandi annast útförina, skal líkið afhent honum, þó með því skilyrði, þá er um næma sjúkdóma er að ræða, að gætt sje þeirrar varúðar, er lækni-**20**rinn álitur við eiga.

Lækni skal heimill líkskurður, ef legukostnaður hins dána greiðist af opinberum sjóði eða bæjarsjóði eða sveitarsjóði.

6.

I sama sjúkrahvergi mega eigi liggja karlar og konur. Þó má gjöra undanþágu frá þessari reglu með börn yngri en 12 ára.

Svo mega og sjúklingar með kláða og veneriska sjúkdóma eigi liggja innan um aðra veika.

III. Um inntöku sjúklinga í sjúkrahúsið.

7.

Beiðni um inntöku í sjúkrahúsið skal stýluð til hjeradslæknisins á Ísafirði, er sker úr, hvort sjúklingnum skuli viðtaka veitt eða ekki. Veiti lækni-
inn inntökuleyfið, snýr viðkomandi sjer til gjaldkera bæjarins og borgar honum fyrirfram fyrir þriggja mánaða dvöld í sjúkrahúsinu eða setur næga trygging fyrir slíkri upphæð, áður en við honum verður tekið í sjúkrahúsið. Þó má taka við mönnum, er slasazt hafa, og öðrum, er bráðrar hjálpar þurfa, án tryggingar, en hún skal útveguð svo fljótt sem hægt er.

IV. Um stjórn sjúkrahússins.

8. gr.

Sjúkrahúsinu stjórnar þriggja manna nefnd, og eru í henni hjeradstækni-
irinn á Ísafirði og tveir menn, er bæjarstjórnin kýs til þriggja ára í senn; skalu þeir báðir búsettir á Ísafirði og að minnsta kosti annar þeirra vera meðlimur bæjarstjórnarinnar.

9.

Sjúkrahúsnefnd þessi hefir á hendi alla umsjón og umsýslu fyrir sjúkrahúsið; hún ræður starfsmenn þess og hefir eptirlit með, að þeir standi vel í stöðu sinni; hún semur reglur bæði fyrir starfsmenn hússins og sjúklingana, og um allt annað, er viðvíkur innanhússreglu; hún semur og árlega áætlun um tekjur og gjöld sjúkrahússins fyrir áætlunarfund bæjarstjórnarinnar.

10.

Öll gjöld sjúkrahússins greiðast úr bæjarsjóði og í hann ganga tekjur þess, og hefir sjúkrahúsið sjerstakan tekjulið og gjaldalið í bæjarreikningnum.

Eigi má skerða höfuðstól þann, er sjúkrahúsið nú á, nema til umbóta á sjálfu húsinu eða stækkunar þess, og þó því að eins, að bæði meiri hluti bæjarstjórnarinnar og sjúkrahúsnefndarinnar, hvorrar í sínu lagi, samþykki.

Til útgjalda má árlega verja allt að 50 kr. handa bæjargjaldkera fyrir aukin störf við reikningsfærslu sjúkrahússins.

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar 26. nóvember 1897.

*H. Hafstein. Sk. Thoroddsen. J. Brynjólfsson. Björn Arnason.
Þorvaldur Jónsson. Árni Sveinsson. Björn Pálsson.*